

Skýrsla

91

um

fund amtsráðsins í Vesturamtinu 17. júní 1901.

Ar 1891, 17. júní var aðalfundur amtsráðsins í Vesturamtinu settur og haldinn í Reykjavík af forseta þess, amtmanni Júlíus Havsteen, ásamt amtsráðsmönnum Asgeiri bónda Bjarnasyni í Knararnesi (úr Mýrasýslu), kaupmanni Sæmundi Halldórssyni í Stykkishólmi (úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu), hreppstjóra Snæbirni Kristjánssyni í Hergilsey (úr Austurbarðastrandarsýslu), síra Þorvaldi Jakobssyni í Sauðlauksdal (úr Vesturbarðastrandarsýslu), síra Kristni Danielssyni á Söndum (úr Vesturísafjarðarsýslu) og síra Sigurði Stefánsyni í Vigur (úr Norðurísafjarðarsýslu).

Amtsráðsmaðurinn úr Strandasýslu, prófastur síra Páll Ólafsson í Vatnsfirði hafði tjáð forföll sín, sem höfðu orðið rjett áður en hann ætlaði af stað, en of naumur tími til að gera varamanninum aðvart. Eigi var heldur kominn neinn amtsráðsmaður úr Dalasýslu, og eigi forföll tilkynnt forseta.

Forseti lagði fram tilkynningu sýslumannanna í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Barðastrandarsýslu, Ísafjarðarsýslu og Strandasýslu, um kosningu amtsráðsmanna í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Vesturbarðastrandarsýslu, Norðurísafjarðarsýslu og Strandasýslu, fyrir tímabilið frá 1. júní 1901, til 31. maí 1907, í stað þeirra, sem úr ráðinu skyldu ganga, að endudum kjörtíma þeirra.

Kosnir höfðu verið:

1. Fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu:

Amtsráðsmaður kaupmaður Sæmundur Halldórsson í Stykkishólmi.

Varaamtsráðsmaður, hreppstjóri Brandur Bjarnason á Hallbjarnareyri.

2. Fyrir Vesturbarðastrandarsýslu:

Amtsráðsmaður síra Þorvaldur Jakobsson í Sauðlauksdal.

Varamtsráðsmaður, hreppstjóri Guðmundur Jónsson í Haga.

3. Fyrir Norðurísafjarðarsýslu:

Amtsráðsmaður síra Sigurður Stefánsson í Vigur.

Varaamtsráðsmaður síra Páll Stephensen á Melgraseyri.

4. Fyrir Strandasýslu:

Amtsráðsmaður, prófastur síra Páll Ólafsson í Vatnsfirði.

Varaamtsráðsmaður, bóndi Kristján Gíslason á Borðeyri.

Ennfremur var fram lögð tilkynning frá sýslumanninum í Barðastrandarsýslu, um kosning til amtsráðsins í Austurbarðastrandarsýslu í stað amtsráðsmanns Eyjólf E. Jóhannessonar, kaupmanns í Flatey, sem dó í fyrra vor, fyrir þann tíma, sem hann átti eptir að sitja í amtsráðinu, sem sje til 31. maí 1904. Kosinn hafði verið varaamtsráðsmaður sýslunnar, Snæbjörn hreppstjóri Kristjánsson í Hergilsey, en sem varaamtsráðsmaður í hans stað var kosinn prófastur síra Sigurður Jensson í Flatey.

Amtsráðið fann ekkert við kosningar þessar að athuga.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1900 og var hann falinn amtsráðsmönnum úr Norðurisafjardarsýslu og Vesturisafjardarsýslu til endurskoðunar.
2. Forseti lagði þvinæst fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Vesturamtsins fyrir 1900, og var hann falinn amtsráðsmanninum úr Mýrasýslu til endurskoðunar.
3. Reikningur yfir tekjur og gjöld búnaðarsjóðs Vesturamtsins fyrir 1900, sem var framlagður, var fenginn í hendur amtsráðsmanninum úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til endurskoðunar.
4. Reikningur yfir tekjur og gjöld amtsbókasafnsins í Stykkishólmi var fenginn amtsráðsmönnum úr Vesturbarðastrandarsýslu og Austurbarðastrandarsýslu til endurskoðunar.
5. Forseti skýrði frá því, að innieign styrktarsjóðsins »Þorvaldarminning« í Söfnunarsjóði Íslands væri orðinn 4685 kr. 06 a.
6. Forseti lagði fram hinar fyrirskipuðu skýrslur, um ástand styrktarsjóðahanda alþýðufólki, fyrir árið 1900, úr öllum sýslum amtsins nema Strandasýslu og Dalasýslu, og kvaðst forseti hafa skipað sýslumönnum þar, að senda þær tafarlaust. Ennfremur voru skýrslurnar úr Dalasýslu fyrir 1899 ókomnar.

Skýrslur þessar voru yfirfarnar með hliðsjón af endurritunum af gjörðabókum sýslunefndanna, viðvíkjandi síðustu aðalfundum þeirra, og fann amtsráðið yfirleitt eigi neitt að athuga við þær.

Forseti lagði fram sýnishorn af eyðublöðum þeim, sem prentuð höfðu verið undir skýrslur hreppsnefnda, um gjaldþegna sjóðanna og undir hina árlegu reikninga sýslumanna um tekjur og gjöld sjóðanna. Formið fyrir þessum eyðublöðum hafði amtsráðið samþykkt á fundi sínum 18. júlí f. á.

Ennfremur minntist forseti á, að landshöfðingi hefði 16. nóv. f. á. gefið út Reglur um úthlutun styrks úr styrktarsjóðum handa alþýðufólki, sem væru birtar í Stjórnartíðindunum 1900, B, bls. 212--213, og höfðu sýslumönnum verið send nokkur eintök af þessum reglum, til útbýtingar milli hreppsnefnda.

7. Forseti skýrði frá fullnustu á úrskurðum, sem amtsráðið hafði lagt á sýslusjóðs og sýsluvegasjóðsreikningana fyrir 1897, 1898 og 1899.
8. Forseti lagði fram sýslusjóðs og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1900 úr öllum sýslum amtsins, nema úr Dalasýslu, sem voru ókomnir.

Reikningarnir höfðu verið yfirfarnir af forseta, og voru einnig framlagðar athugasemdir þær, sem endurskoðendur þeir, sem sýslunefndirnar hafa kosið, höfðu gjört við reikningana.

Amtsráðið úrskurðaði þar næst reikningana.

9. Þá voru framlögð og yfirfarin eptirfylgjandi endurrit af gjörðabókum allra sýslunefndanna nema úr Dalasýslu.

- a. Ur Strandasýslu frá 22.—24. maí þ. á.
- b. Ur Norðurlandafjarðarsýslu frá 11.—13. apríl og 8. júní þ. á.
- c. Ur Vesturlandafjarðarsýslu frá 16.—17. apríl þ. á.
- d. Ur Vesturbarðastrandarsýslu frá 18. apríl þ. á.
- e. Ur Austurbarðastrandarsýslu frá 29. apríl þ. á.
- f. Ur Snæfellsness- og Hnappadalssýslu frá 21. og 22. maí þ. á.
- g. Ur Mýrasýslu frá 29. og 30. apríl þ. á.

Sýslumaðurinn í Dalasýslu hafði þannig hvorki sent amtsráðinu sýslu-
sjóðs og sýsluvegasjóðsreikninga sýslunnar, nje heldur skýrslu um, að sýslu-
nefndarfundur hefði verið haldinn, og lét amtsráðið í ljós óánægju sína yfir
þessu, og fól forseta, að ganga eftir þessum reikningum og skýrslum og úr-
skurða reikningana á sínum tíma.

Amtsráðið skoraði á hlutaðeigandi sýslumenn í samhljóðan við ályktun
sína frá fundinum 14.—15. júní 1895 (Stjórnartíðindi 1895, B, bls. 181), að
halda aðalfundi sýslunefndanna svo tímanlega á ári hverju eptirleiðis, að
allar afgreiðslur, snertandi amtsráðið, reikningar og endurrit af gjörðabók-
um væru komin til forseta amtsráðins fyrir lok aprílmánaðar ár hvert, og
mætti ekki breyta útaf þessu, nema forseti leyfði, og sjerstök forföll lægju
fyrir, sbr. það, sem fyrir er mælt í 41. gr. tilsk. 4. maí 1872, um sveitar-
stjórn á Íslandi, sem er ómögulegt að fullnægja, nema aðalfundir sýslunefnd-
anna sjeu haldnir í tæka tíð.

10. Forseti skýrði frá því, að hann hefði samkvæmt tillögum beggja amtsráð-
anna (í Suduramtinu og Vesturamtinu), skrifað sýslumönnunum í Stranda-
sýslu, Barðastrandarsýslu (að því leyti, er snertir austursýsluna), Dalasýslu,
Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu-
og Kjósarsýslu, (og bæjarfógetanum í Reykjavík), og Árnessýslu 23. júlí f.
á., og lagt þeim fyrir, að láta almennar skoðanir framfara á fje að haust-
inu til, þegar það væri komið af fjalli, og viðhafa lækningar á sjúku fje
og aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fje eptir þörfum, en í þeim hreppum, þar
sem kláði fyndist, skyldi baða allt fje eða viðhafa tóbakssósuþburð.

Skýrslur lögreglustjóra um árangurinn af þessum fyrirskipunum voru
framlagðar, og yfirfarnar. Samkvæmt þeim hafa við skoðanirnar komið fyrir
alls 153 kindur, en af þeim var óvíst um 5, hvort þær væru með kláða. —
Af þessum 153 kindum voru í Strandasýslu 48, í 4 hreppum, í Austurbarð-
strandarsýslu 24, í 3 hreppum, í Dalasýslu 8, í 1 hreppi, í Snæfellsness- og
Hnappadalssýslu 6, í 4 hreppum (óvíst um eina), í Mýra- og Borgarfjarðar-
sýslu 63, í 9 hreppum, í Árnessýslu 4, í 1 hreppi (ekki vissar), og engin í
Gullbringu- og Kjósarsýslu (með Reykjavík).

Pótt kláði þannig hefði sýnt sig með minnsta móti, hafði amtmaður
samt í brjefum, dags. 19., 20. og 28. febrúar þ. á., lagt fyrnefndum lögreglu-
stjórum fyrir, að láta almennar skoðanir framfara á sauðfje fyrstu dagana í
apríl, þannig, að þeim væri lokið fyrir 15. apríl og viðhafa lækningar á sjúku fje
og aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fje eptir þörfum, en það fje, sem hinar fyrir-

fundnu kláðasjúku kindur hefðu gengið saman við, sjer í lagi fjeð á þeim heimilum, þar sem kláði myndist, skyldi tvíðaða með 10 daga millibili, eða viðhafa tóbakssósuiburð. Á þeim heimilum, þar sem kláðinn væri magnaður, skyldi sótthreinsa fjárhús, sem kláðafje hefði verið haft í, eptir nánari ráðstöfun lögreglustjóra.

Skýrslur um skoðanir þessar og þær ráðstafanir, sem gjörðar hefðu verið, skyldu vera komnar til amtsins fyrir 10 júní í síðasta lagi.

Skýrslur voru komnar frá: 1. sýslumanninum í Strandasýslu, dags. 25. f. m., sem sýnir, að 98 kindur hafi fundizt með kláða (þar af í Fells-hreppi 40 og í Óspakseyrarhreppi 34). 2. sýslumanninum í Arnessýslu, dags. 8. júní þ. á., og var þar kláðalaust, og 3. úr Austurbardastrandar-sýslu; þar höfðu fundizt 28 kindur með kláða; skýrsla var ókomin úr Flat-ejarhreppi, en mun koma bráðlega.

Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Ísafjardarsýslu, dags. 8. þ. m., þar sem hann skýrir frá, að við uppboð í Vatnsfirði hafi komið fyrir nokkrar kindur með grunsamlegu hrúðri. Sýslumaður hafði þegar fyrirskipað almenna skoðun og böðun í Reykjarfjardarhreppi, og í Nauteyrarhreppi, að svo miklu leyti, sem fje þaðan hefði gengið saman við fje úr Reykjarfjardarhreppi. Sýslumaður álitur það æskilegt, að almenn fjárskoðun verði fyrirskipuð í Norðurisafjardarsýslu á komanda hausti.

Forseti bar þvinæst undir amtsráðið, hverjar ráðstafanir mundu tiltæki-legastar gagnvart fjárkláðanum að haustinu til og framvegis.

Amtsráðið ályktaði, að leggja það til, að almennar skoðanir skyldu framfara á fje að hausinu til, þegar það væri komið af fjalli, og viðhafa lækningar á sjúku, og aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fje eptir þörfum. Ennfremur áleit amtsráðið, að skoðanir skyldu aptur framfara að vorinu, þegar geldfje væri rúðið, og þá viðhafa lækningar á sjúku fje og aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fje.

Þessar ráðstafanir skyldu ná til þeirra sýslna, sem eru á hinu svonefnda kláðagrunaða svæði, og svo til Norðurisafjardarsýslu, sem þá yrði talin með þessu svæði.

Forseti minntist á frumvarp það til laga, sem stjórnin hafði lagt fyrir alþingi 1899, um viðauka við og breyting á tilsk. 5. jan. 1866, um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilsk. 4. marz 1871, um viðauka við tilskipun þessa, og hafði stjórnin í þessu frumvarpi sínu farið eptir til-lögum amtsráðsins í Suður- og Vesturömtunum, sbr. skýrslu um fundi þeirra 1898, 8.—10. júní og 30. júní—2. júlí (Stjórnartíðindi 1898, B. bls. 163—164 og 141—142). Frumvarpið hafði verðið samþykkt í efri deild en fellt í neðri deild með jöfnum atkvæðum og það af lítilvægri ástæðu. Forseti bar und-amtsráðið, hvort það væri enn sömu skoðunar um þetta mál sem þá, og gat þess um leið, að amtsráð n fyrir norðan og austan óskuðu eptir allvið-tækri breytingu á hinni núgildandi löggjöf um kláða. Þessu máli til skýringar lagði forseti fram prentað eintak af brjefi sínu til landshöfðingja,

dags. 25. jan. þ. á., og af brjefi amtsdýralæknisins, dags. 10. s. m., sem bæði höfðu verið send amtsráðsmönnum. Ennfremur lagði forseti fram brjef dýralæknisins, dags. 9. apríl þ. á., um sóttthreinsun fjárhúsa. 91

Amtsráðið lýsti yfir því, að það væri sömu skoðunar um kláðalöggjöfina eins og að undanfögnu.

11. Forseti skýrði frá því, að amtsdýralæknirinn hefði farið vestur í Barðastrandarsýslu á síðastliðnu hausti, útaf megnri pest í nautpeningi og sauðtje í Tálknafjarðarhreppi; var lögð fram skýrsla dýralæknisins hjer að lútandi, dags. 7. nóv. f. á. Eptir áliti hans stafaði pest þessi af því, að skepnurnar höfðu etið í sig skemmdar hvalleifar, en einkum mundi skemmdur hvalagrútur hafa orðið þeim flestum að meini. Forseti kvaðst hafa brýnt fyrir sýslumanni og hreppsnefndinni, að framfylgja eptirleiðis lögum 6: marz 1896, um hvalleifar.
12. Framlagðir voru aptur reikningarnir yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins, búnaðarskólasjóðsins, búnaðarsjóðsins og bókasafnsins fyrir 1900, og voru þeir allir samþykktir án athugasemda.
13. Amtsráðið samþykkti eptir atvikum, að leggja 400 kr. árlega til Búnaðartjelags Íslands, í fyrsta skipti fyrir yfirstandandi ár. Skyldi þessi upphæð greiðast úr búnaðarsjóði Vesturamtsins, að fengnu samþykki landshöfðingja.
Í búnaðarþing fjelagsins voru kosnir amtmaður J. Havsteen og sjera Kristinn Daníelsson á Söndum.
14. Sýslunefndin í Austurbarðastrandarsýslu hefir leitað samþykkis amtsráðsins til þess, að sýslusjóður gefi sýsluvegasjóðnum eptir lán það, sem tekið hafði verið úr sýslusjóði, að upphæð, sem stæði, 283 kr. 61 eyri, og leyfði amtsráðið það.
15. Forseti lagði fram brjef bókavardar við amtsbókasafnið í Stykkishólmi, hjer aðslæknis D. Sch. Thorsteinssonar, dags. 10. apríl þ. á., þar sem hann ber upp þá tillögu, hvort því eigi mundi verða við komið að semja nú og gefa út aukaskrá við bókaskrána, sem samín var og gefin út 1895, en bókasafninu hefðu bætzt margar bækur á þeim árum, sem síðan væru liðin, enda mundi nauðsynlegt, að gefa út slíkar ritaukaskrár annað eða þriðja hvert ár eptirleiðis.

Forseti skírskotaði til þess, sem gjörzt hefði á fundum amtsráðsins 14.—15. júní 1895, og 3. og 4. ágúst 1896 (Stjórnartíðindi 1895, B. bls. 184, og 1896 B. bls. 161), og gat þess, að bókaskráin frá 1895 væri að stærð $3\frac{1}{4}$ örk, og hefði prentun, innhepting og flutningur til Stykkishólms kostað 151 kr. 85 a., en ritlaun og laun fyrir að raða bókunum eftir skránni voru 150 kr.

Amtsráðið samþykkti, að nota mætti allt að því 100 kr. til þess að gefa út ritaukaskrá handa safninu.

Ennfremur var framlagt brjef frá stjórnarnefndinni, dags. 8. þ. m., þar sem hún getur þess, að sú upphæð, 200 kr., sem amtsráðið veitti í fyrra til þess að gjöra við amtsbókasafnshúsið, til þess að varna slaga, hefði eigi

91

enn verið notuð, og fer þess á leit, að þessi upphæð yrði veitt aptur, og ennfremur 150 kr. eða 200 kr. til þess að járnverja húsið og mála það, svo járníð ryðgaði ekki, en vitanlega legði hreppurinn, sem á hálfu húsið, jafnmikið til á móti amtinu. Amtsráðið ályktaði, að veita aptur 200 kr. á móts við hreppinn til þess að pappaklæða og járnklæða húsið, og mundi þá verða komizt hjá því, að stoppa milli þilja til þess að varna slaga með því.

16. Forseti lagði fram reikning yfir viðskipti amtsins við búnaðarskólann í Ólafsdal 1900—1901, og skýrslu skólastjóra um skólann á kennsluárinu 1900—1901.

Þá skýrði forseti frá, að hann samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 18. júlí f. á. hefði tekið 5000 kr. lán úr landsbankanum, sem skyldi endurborgast á 10 árum, og ávaxast með 5%, og svo afhent þessa upphæð skólastjóra Torfa Bjarnasyni í Ólafsdal gegn veðskuldabréfi hans til amtsráðsins, dags. 3. ágúst f. á., að upphæð 5000 kr., sem skyldi afborgast með 500 kr. árlega frá 3. ágúst 1906, þannig, að fyrsta afborgun yrði greidd þann dag, en vextir 5% skyldu greiddast fyrirfram, í fyrsta skipti 3. ágúst 1905. Tryggingin er 1. veðrjettur í jörðinni Ólafsdal með öllu tilheyrandi, og íveru og skólahúsi því, sem byggt var þar 1896, jafnhliða veðinu fyrir láninu frá 14. nóvbr. 1896.

Jafnframt því að skýra frá þessu, lagði forseti fram brjef skólastjóra, dags. 1. júní þ. á., þar sem hann lýsir því yfir, að hann hafi fastráðið, að reyna ekki að halda skólanum lengur áfram, með þeim ástæðum, sem hann hefði við að búa (en hverjar þær eru, má sjá af Stjórnartíðindunum 1900, B. bls. 143—144). Hann skorar jafnframt á amtsráðið: 1) að veita sjer eptirgjöf á vöxtum og afborgun upp í skuld sína við amtið fyrir 1901—1902, sem nema alls 1050 kr. 2) að taka Ólafsdalsskólann að sjer og gjöra hann að öllu leyti að opinberri stofnun, frá vordögum 1902, og 3) að kaupa að sjer Ólafsdal, Belgsdal og Stóra Múla með tilheyrandi byggingum fyrir sanngjart verð. Ef amtsráðið eigi skyldi álita það tiltækilegt, að sinna þessari málaleitun, skorar skólastjóri ennfremur á amtsráðið: 1) að gjöra þær ráðstafanir, sem með þyrfti til þess, að lærisveinar þeir, sem eptir yrðu á skólanum 1902, geti einhversstaðar lokið námi sínu, 2) að ráðstafa bókasafni skólans og bókasafni lærisveina skólans, sem hvorttveggja sje í vörzlum sínum, og 3) að ráðstafa Ólafsdal og Belgsdal frá fardögum 1902, og taka borgun í þessum jörðum, og þeim húsum, sem þeim fylgja, fyrir skuldir hans við amtsráðið (samkvæmt veðskuldabréfum, 14. nóv. 1896, upphaflega 12000 kr., nú 9600 kr., og 3. ágúst 1900 5000 kr. gegn veði í Ólafsdal; við búnaðarsjóð Vesturamtsins samkvæmt skuldabréfi 24. júní 1871, að upphæð 1000 kr., og samkvæmt skuldabréfi 11. maí 1882, að upphæð 1400 kr. gegn veði í Ólafsdal og Belgsdal, og við búnaðarskólasjóð Vesturamtsins samkvæmt veðskuldabréfi, 30. marz 1897, 800 kr. gegn sama veðrjetti í

Belgsdal og Ólafsdal, þar sem hann eigi sjái sjer fært, að greiða afborganir upp í og vexti af lánunum, eptir að vera skilinn við skólann. 91

Amtsráðið ályktaði, að svara þessari málaleitun skólastjóra Torfa Bjarnasonar á þá leið, að það með engu móti sjái sjer fært, að leggja svo þunga byrði á amtið, sem því væri samfara, að kaupa Ólafsdal, Belgsdal og Stóra Múla með tilheyrandi húsum og byggingum, og verður þá eigi annað fyrir hendi en að skólahaldið í Ólafsdal falli niður við lok skólaársins 1901—1902.

Amtsráðið mun á sínum tíma ráðstafa bókasöfnum skólans og lærisveinanna.

Að því leyti, er snertir ráðstöfun á Ólafsdal og Belgsdal, sem eru að veði fyrir skuldum Torfa Bjarnasonar við amtið, búnaðarsjóð og búnaðarskólasjóð Vesturamtsins, og sem hann vill, að amtsráðið taki borgun í, þá mun amtsráðið á sínum tíma, væntanlega á næsta sumri, ganga að veðum þessum á þann hátt, sem lög eru til. Í því tilliti felur amtsráðið forseta, að gjöra allar þær ráðstafanir, sem honum virðast bezt fallnar til þess, að amtið fái borgaðar þessar skuldir, og er honum í því tilliti veitt fullt umboð ráðsins.

Lærisveinar þeir, sem verða eptir á skólanum við lok skólaársins 1901 til 1902, verða sjálfir að útvega sjer kennslu annarsstaðar, enda eru þeir allir utanamtsmenn og eiga hægt að fá inntöku á hina búnaðarskóla landsins.

Amtsráðið ályktaði, að verja til skólans fyrir 1901—1902, með því skilyrði, að tala lærisveina yrði 11 (6 í efri og 5 í neðri deild):

1. Meðgjöf með 6 piltum í efri deild	900 kr.
2. Meðgjöf með 5 piltum í neðri deild	1250 —
3. Laun forstöðumanns	800 —
4. Laun aðstoðarkennara	350 —
5. Til verkfæra og áhalda	100 —
6. Til prófdómanda	50 —
	3450 kr.

og skyldi ganga til þess:

1. Styrkur úr landssjóði	2500 kr.
2. Úr jafnaðarsjóði samkvæmt 3. gr. laga 4. júní 1898 um breyting á gjaldheimtum til amtssjóða og sýslusjóða	640 —
3. Úr búnaðarskólasjóði	310 —
	3450 kr.

17. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, dagsett 23. f. m., þar sem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar lætur uppi álit hennar um erindi hreppsnefndarinnar í Skógarstrandarhreppi, dags. 18. maí f. á., þar sem hún skýtur til amtsráðsins úrskurði sýslunefndarinnar á fundi hennar 6.—7. apríl f. á., sem fellir úr gildi þá ákvörðun, sem hreppsnefndin hafði gjört um fjallskil Jóhanns bónda Jónassonar í Öxney,

91

haustið 1899, og sem mælir svo fyrir, að hann skuli vera laus við að borga þá upphæð, 8 kr. og 50 a., sem hreppsnefndin hafði kostað til þess, að sú ferð yrði farin í Miðhrauns skilarjett, sem hreppsnefndin hafði lagt á Jóhann Jónasson.

Amtsráðið gat eigi betur sjeð, en að hið fyrirbyggjandi mál heyrði undir úrslit dómstólanna, eptir fyrirmælum Fjallskilareglugjörðar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, 3. júlí 1895, og að úrskurður sýslunefndarinnar geti eigi verið því til fyrirstöðu, að hreppsnefndin leitaði rjettar síns á þann hátt, að hún í samhljóðun við 11. gr. reglugjörðarinnar og lög 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. gr. 5., beiddist lögtaks á hinum framlagða kostnaði sínum, en amtsráðið gat eigi álitíð, að nefndin ynni nokkuð við þetta, og var þeirrar skoðunar, að það væri rjett í sjálfu sjer, sem sýslunefndin hefði ákveðið.

18. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Strandasýslu, dags. 25. maí þ. á., þar sem hann leggur það til, fyrir hönd sýslunefndarinnar, að amtsráðið vilji samþykkja þau atbrigði frá 23. og 32. gr. Fjallskilareglugjörðar Strandasýslu, 14. júlí 1893, að Bæjarhreppur megi á komanda hausti rjetta annarstaðar en í Melarjett, en þó þar nálægt, og næsta dag á undan þeim degi, sem tiltekinn er í reglugjörðinni.

Amtsráðið veitti hið umbedna samþykki.

19. Forseti lagði fram bænarskrá frá búfræðingi Guðmundi Bergsyni á Ísafirði, dags. 9. þ. m., með fylgiskjölum, þar sem hann sækir um 500 kr. styrk af jafnaðarsjóði, til þess að fara utan og kynna sjer það helzta, er lýtur að vatnsveitingum og sandgræðslu.

Amtsráðið sá sjer eigi lært, að veita hinn umsóttu styrk úr jafnaðarsjóði.

20. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 8. þ. m., þar sem hann skýrir frá því, að Dalasýsla eigi eptir óborgað af hallærisláni sýslunnar frá 1883, 86 kr. 32 a., og af láninu frá 1886, 407 kr. 28 a., alls 493 kr. 60 a., en Strandasýsla af hallærisláninu frá 1886 521 kr. 21 e., og hefir landshöfðingi mælt til þess, að þetta mál yrði borið upp fyrir amtsráðinu og væntir þess, að ráðið beiti þvingunarmedulum þeim, sem því eru heimiluð í 52. gr. tilskipunar 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, til þess að þvinga hlutaðeigandi sýslunefndir til þess að gjöra tafarlaust full skil fyrir þessum lán-um.

Amtsráðið ályktaði, að setja sýslunefndunum frest til 31. ágúst næstkomandi með að greiða þessar upphæðir, að viðlögðum þvingunarsektum, sem sje 1 kr. fyrir hvern af oddvitunum, og hvern sýslunefndarmann á dag.

21. Amtsráðið samþykkti, að sýslunefndin í Mýrasýslu mætti taka 4000 kr. lán upp á sýslusjóðinn til ýmissa vegagjörða, með svo vægum kjörum, sem unnt væri að fá.

22. Þá var rædd og samþykkt áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir 1902. **91**

Tekjur:

1. Væntanlegar eptirstöðvar	1200 kr.	
2. Jafnaðarsjóðsgjald	3300 —	4500,00 kr.

Gjöld:

1. Kostnaður við amtsráðið	1000 kr.	
2. Kostnaður samkvæmt 3. gr. laga 2. okt. 1891 um skipun dýralækna	120 —	
3. Amtsbókasafnið	400 —	
4. 6. afborgun upp í bankalán frá 14. nóv. 1896, 600 kr. og rentur 30. sept. 1902 420 kr.	1020 —	
5. 2. afborgun upp í bankalán frá 30. júlí 1900, 500 kr. og rentur 30. sept. 1902, 200 kr.	700 —	
6. Ferðakosnaður	60 —	
7. Ýmislegt	200 —	
8. Eptirstöðvar	1000 —	4500,00 kr.
23. Amtsráðið samþykkti, að næsti aðalfundur þess yrði haldinn í Reykjavík.		
24. Fyrir skriptir á fundinum veitti amtsráðið 20 kr.		

Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Vesturamtið, Reykjavík 21. júní 1901.

J. Havsteen.

Skýrsla

92

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramntinu 5. til 11. júní 1901.

Ar 1901, miðvikudaginn hinn 5. júní, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu Birni bónda Sigfússyni á Kornsa, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu Ólafi umboðsmanni Briem á Alfgeirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum og amtsráðsmanni Suðurlingeyjarsýslu Arna prófasti Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Samþykktar voru kosningar þessara manna til amtsráðsins um 6 ára tímabil.
 - a. Björns bónda Sigfússonar á Kornsa, sem aðalamtsráðsmanns Húnavatnssýslu.
 - b. Stefáns prests Jónssonar á Auðkúlu sem varaamtsráðsmanns Húnavatnssýslu.
 - c. Stefáns kennara Stefánssonar á Möðruvöllum sem aðalamtsráðsmanns Eyjafjarðarsýslu.